



357. Stjórnarfundur haldinn 9. september 2010 kl:17:00

Mættir: Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA), og Bjarney S. Snævarsdóttir (BS).

1. Fundagerðir tveggja síðustu funda.

Farið yfir og þær samþykktar.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá UMFÍ/ fundarboð á 37. sambandsráðsfund UMFÍ 16. október 2010 haldinn á Hótel Héraði á Egilstöðum. **Samþykkt að KG verði okkar fulltrúi á fundinum.** Bréf frá Guðlaugi Sigurjónssyni framkvæmdastjóra umhverfis- og skipulagsstjóra RNB v/framkvæmda við Fjölskyldugarðinn við Hringbraut, Bréf frá HSK v/ heiðursáskriftar í riti eitthundraðára sögu þeirra. **Ákveðið að vera ekki með..**

3. Send bréf.

Engin.

4. Nýja félagsheimilið að Sunnubraut.

Formleg afhending fór fram á nýju félagheimili Keflavíkur við Sunnubraut þann 3. sept. s.l. er Gunnar Þórarinnsson afhenti EH formanni Keflavíkur lykil af húsakynnunum. EH færði verktaka hússins, fulltrúa Fasteignar, fulltrúa RNB og íþróttahúsinu eintak af 80 ára sögu félagsins sem þakklætisvott frá félaginu.

EH sagði frá því að búið væri að staðfesta tilboðið í skrifstofuhúsgögnin. EH sagði frá því að hann hefði átt fund með Stefáni Bjarkasyni og Hafsteini Ingibergssyni og upplýst þá um hvað félagið væri að aðhafast varðandi innkaup.

5. Jólblað félagsins.

Ákveðið að standa áfram að útgáfu á jólblaðinu sem hefur verið fastur sess síðustu ár í aðdraganda jólanna.

6. Önnur mál.

Heilsu- og forvarnarvika RNB verður 27. sept. – 3. okt. Keflavík tekur virkan þátt í þessari Heilsu- og forvarnarviku. Opið verður á skrifstofu félagsins fyrir þá sem hafa áhuga á að kynna sér starfsemi félagsins og deildir verða með fríar æfingar þessa vikuna. Hettupeysur: tvær deildir eru að skoða með að kaupa utanyfir peysu frá Hensson.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:15
Fundinn ritaði SG

